

Sundfélagið Óðinn

Afhending 2020/26

Sundfélagið Óðinn var formlega stofnað á fundi 12. september 1962.

Fyrir stofnun félagsins voru sunddeildir í íþróttafélögunum KA og Þór og kepptu sund-iðkendur undir merkjum þeirra félaga eða ÍBA. Samskiptin gengu ekki alltaf nógu vel með þessu fyrirkomulagi og ekki alltaf félagsstjórnnum til sæmdar. Um þverbak keyrði þegar Norðurlandamót í sundi var haldið á Húsavík árið 1961. Þegar fara átti með keppendur austur fengu keppendur úr Þór ekki að fara með í rútunni og varð það til þess að keppendur úr Þór og KA ákváðu að stofna sameiginlegt félag.

Stofnendur félagsins voru á aldrinum 15-18 ára og voru Óli G. Jóhannsson og Björn Þórisson drifkrafturinn þar að baki. Fyrri stofnfundur var haldinn árið 1961 og á þeim fundi var nafn félagsins ákveðið og að fá Einar Helgason til að teikna merki félagsins. Einnig var kosin stjórn. Í ársskýrslu ÍBA fyrir það ár er sagt að félagar í Óðni séu 16 og þá þegar voru drengir farnir að keppa undir merkjum Óðins. Formlegi stofnfundurinn er samt sem áður sagður 12. september 1962 en enginn man lengur af hverju stofnun félagsins miðast við það.

Fyrstu árin voru engir þjálfarar til staðar og fór félagsstarfið einkum í það að fá þjálfara þótt ekki væri nema í skamman tíma í senn. Einnig var yfirbyggð sundlaug baráttumál félagsmanna. Í tæplega 60 ára sögu félagsins hafa skipst á skyn og skúrir, stundum hefur starfið verið með miklum blóma og á öðrum tíma í mikilli lægð eins og t.d. 1970-1971 er við lá að félagið lognaðist út af.

Árið 1980 eignast félagið sinn fyrsta heims- og ólympíumethafa en það var Sigurrós Karlsdóttir, sem keppti á Ólympíuleikum fatlaðra í Hollandi og setti ólympíu- og heimsmet í 50 m bringusundi.

1988-1989 fóru félagsmenn að fara í sínu fyrstu utanlandsferðir. Á sama tíma var félagið í vexti, félagsmönnum fjölgaði, félagið varð þekktara í bæjarlífinu og fréttir af félaginu birtust reglulega í Degi. Talað er um þessi ár sem blómaskeið en árið 1989 bættu krakkar í félaginu Akureyrarmetinn 74 sinnum.

Ýmsir hafa gengt formennsku í félaginu og margir þjálfarar komið og farið. Að öðrum ólöstuðum er ástæða til að nefna sérstaklega þau Jóhann G. Möller, sem var drifkraftur félagsins á áttunda og níunda áratug síðustu aldar; Wolfgang Frosta Sahr þjálfara en hann kenndi m.a nýjar tækni við sundið og lét iðkendur halda æfingadagbækur; Höllu Baldursdóttur en hún var fyrsta konan sem gegndi formennsku og Hrafnhildi Guðmundsdóttur sunddrotningu. Seinustu árin hefur Dýrleif Skjöldal unnið mikið og gott starf við þjálfun yngstu iðkendanna.

Afhendingin barst frá Dýrleif Skjöldal fyrrum sundþjálfara hjá Óðni og hafa safninu áður borist afhendingar frá sama skjalamyndara, afhendingar 2011/24, 2012/66 og 2015/49.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

1. júlí 2020

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.	
A-Sundfélagið Óðinn				
A-Sundfélagið Óðinn		1996 - 2012		
Sundfélagið Óðinn			2020 / 26	
2020 -	A/1	1	2003- 2008	Ársskýrslur, ársreikningar og lög.
2020 -	A/1	2	2004- 2009	Sundflokkar fatlaðra barna og unglunga hjá Óðinn (krossfiskar og krókóðílar). Tímamælingar fyrir iðkendur; keppendalistar; bréf, umsóknir og leiðbeiningar varðandi mögulega þáttöku iðkenda á Ólympíuleikum fatlaðra; bæklingar fyrir nýársundmót fatlaðra barna.
2020 -	A/1	3	2000- 2010	Mótskrár og úrslit fyrir mót sem Óðinn hélt; úrslit með iðkendum í Óðni á öðrum mótum en Óðinn hélt; Akureyrametaskrár í sundi.
2020 -	A/1	4	1996- 2009	Bréf og dreifibréf; bréf frá Óðni til fjölmiðla; dreifibréf til foreldra iðkenda um reglur varðandi iðkun hjá Óðni; dreifibréf um starfsemina; dreifibréf um flokkana; dagskrár fyrir veturinn; tímatöflur; bréf til formanns (Dýrleifar); ómerkt orðsending; bréf varðandi ferð til Færeyja.
2020 -	A/1	5	2007- 2012	Nafnalistar og listar yfir iðkendur í hverjum flokki fyrir 2011-2012 annars vegar og 2007-2008 hins vegar; skráningarblöð í félagið, útfyllt með nöfnum og öðrum upplýsingum; blöð einstaklinga með tímatökum og árangur í mótum.